

2 hundruð á landsvísu, og greidd hefir verið til prestanna í Grundarprestkalli og Akureyri, leggjast til Grundarkirkju, henni til viðhalds framvegis. 13  
19. júní.

2. gr.

Prestunum í Grundarprestakalli og Akureyri sje bættur úr prestlauna-sjóði sá tekjumissir, er þeir bíða samkv. 1. gr.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 19. júní 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Sig. Eggerz.*

## L ö g

14  
19. júní.

um

skattmat fasteigna.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fasteignir allar, sem meta þarf til skatts þangað til allsherjarskattmat fer fram, skulu metnar af úttektarmönnum, þar sem þeir eru, en annars af 2 mönnum, sem sýslumaður eða bæjarfógeti nefnir til, hvort sem ástæðan til matsins er sú, að eignin er ekki tekin í gildandi fasteignamat, eða að endurmat fer fram.

14

19. júní.

Öllum lögreglustjórum er skylt að rannsaka, hverjum í sínu umdæmi, hvaða eignir það eru, sem ekki eru metnar til skatts, og sjá um skattvirðingu á þeim.

2. gr.

3. gr.

Nú óskar einhver endurmats á fasteign sinni, og skal hann þá senda stjórnarráðinu rökstudda umsókn um það, og fer þá endurmat fram, ef leyfi er veitt til þess.

4. gr.

Virðingarmenn fá borgun fyrir starf sitt eftir ákvæðum 6. gr. laga nr. 64, 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m., og greiðist hún úr ríkissjóði. Virðingargjörðina afhenda þeir hlutaðeigandi lögreglustjóra, og fylgir hún fasteignaskattsreikningi hans það ár, sem fyrst er heimtur skattur af eigninni.

5. gr.

Virðing fasteigna eftir lögum þessum skal byggð á reglum þeim, sem allsherjarfasteignamat er bygt á, og skal verð lóða og lendna tilgreint sjerstaklega og húsa og annara mannvirkja sjerstaklega.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 19. júní 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Magnús Jónsson.*